

Reykjavík, 12.
desember 2018
R18110231

Forsætisnefnd

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um lengstu ræðuna á kjörtímabilinu.

Á fundi forsætisnefndar 16. nóvember sl. lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir að fá upplýsingar um hvaða borgarfulltrúar hafa talað lengst í einu á fundum borgarstjórnar á þessu kjörtímabili.

Upptökur af fundum borgarstjórnar ásamt öllum fundargögnum er að finna á vef Reykjavíkurborgar. Þar er unnt að finna beina tengla á tímastimplaðar ræður án þess að farið hafi verið í þá vinnu að tiltaka hvað hver ræða er löng. Framsetning á þessum upplýsingum er þó ekki þannig að ræðutími hvernar ræðu sé tiltekin. Þessar upplýsingar liggja því ekki fyrir samkvæmt núverandi kerfi.

Nú er verið að innleiða nýtt fundarkerfi borgarstjórnar þar sem möguleikar á því að safna saman ýmsum tölfræðigögnum og birta sjálfkrafa eftir fund verða mun meiri. Gert er ráð fyrir að unnt verði á auðveldan hátt að taka saman upplýsingar um m.a. ræðutíma borgarfulltrúa, fjölda andsvara og margt annað sem óskað er eftir.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar